

REGLUGERÐ

um lágmarksstærðir fisktegunda.

1. gr.

Skylt er að hirða allan fisk af eftirtöldum tegundum, sem kemur í veiðarfæri íslenskra fiskiskipa: Þorskur, ýsa, ufsi, skarkoli, steinbitur og karfi.

2. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið skal samkvæmt ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla, gera upptækan allan fisk, sem smærri er en greint er hér á eftir:

Þorskur (<i>Gadus morhua morhua</i>)	50 cm
Ýsa (<i>Melanogrammus aeglefinus</i>)	45 —
Ufsi (<i>Pollachius virens</i>)	50 —
Skarkoli (<i>Pleuronectes platessa</i>)	34 —
Langlúra (<i>Gyptocephalus cynoglossus</i>)	30 —
Pykkvalúra (<i>Microstomus kitt</i>)	30 —
Stórkjafta (<i>Lepidorhombus Whiffiagonis</i>)	30 —
Lýsa (<i>Merlangius merlangus merlangus</i>)	40 —
Sandkoli (<i>Limanda limanda</i>)	20 —
Steinbitur (<i>Anarhichas lupus</i>)	40 —
Karfi (<i>Sebastes marinus</i>)	500 gr.

Drátt fyrir ákvæði þessarar greinar má 5% af karfaafli hverrar veiðiferðar vera undir 500 gr að þyngd hver fiskur.

3. gr.

Lágmarksstærðin er mæld frá trjónuoddi að sporðsenda.

4. gr.

Eigi ná ákvæði þessarar reglugerðar til fiskveiða í þágu vísindalegra rannsókna.

5. gr.

Starfsmenn Framleiðslueftirlits sjávarafurða skulu hafa eftirlit með aflasamsetningu fiskiskipa og gera sjávarútvegsráðuneytinu viðvart verði þeir varir við að fiskur sé undir lágmarksstærðum þeim, sem í 2. gr. greinir.

6. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingum samkvæmt 18. gr. laga nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Um upptöku afla fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs afla.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 12. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er með henni felld úr gildi reglugerð nr. 276 8. júlí 1976 um lágmarksstærðir fisktegunda.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. júlí 1977.

Matthías Bjarnason.

Dórður Ásgeirsson.